

21. gr.

123

Reglugjörðir fyrir bændaskólana á Hólum í Hjaltadal og Hvanneyri frá 6. ágúst 1908 eru úr gildi feldar. 17. des.

Í stjórnarráði Íslands, 17. desember 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

124

19. des.

**um staðfesting stjórnarráðsins á breyting á reglugjörð
fyrir mjólkursölu í Reykjavík 2. mars 1912.**

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð breyting á reglugjörð fyrir mjólkursölu í Reykjavík 2. mars 1912.

2. gr. reglugjörðarinnar orðist þannig:

Fita skal minst:

í kaffirjóma	15 %
í þeytirjóma	25 %
í nýmjólk	3 %
í undanrennu	½ %

Eðlisþyngd nýmjólkur sje við 15° C. 1.028—1.034, undanrenningar 1.032—1.038.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 19. desember 1913.

H. Hafstein.

Eggert Briem.